

Félag eldri borgara á Akureyri

1. fundur nýrrar stjórnar EBAK 4. júní 2020 kl. 14.

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Garðar Lárusson, Birgir Björn Svavarsson, Nanna Þórsdóttir, Torfhildur Þorgeirsdóttir og Sigurður Harðarson. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson, Helgi Aðalsteinsson, Eva B. Magnúsdóttir

1. **Fundarsetning** Hallgrímur formaður setti fundinn kl. 13:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Kynning stjórnarmanna. Nýir stjórnarmenn kynntu sig og fengu kynningu á þeim sem fyrir eru.

Verkaskipting stjórnar. Formaður kom með tillögu um verkaskiptingu stjórnar Úlfhildur Rögnvaldsdóttir verður varaformaður, Garðar Lárusson ritari og Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri og munu þau ásamt formanni skipa framkvæmdaráð innan stjórnar. Röð varamanna verður 1. Eva B. Magnúsdóttir, 2. Friðrik Vagn Guðjónsson og 3. Sigurður Harðarson.

Skráning í dagbók og viðvera stjórnarmanna á skrifstofu. Engin viðvera hefur verið á skrifstofunni síðan síðasti stjórnarfundur var haldinn. Einhver opnun verður í sumar eftir að innheimta árgjalda hefst.

Næsti stjórnarfundur EBAK: Stefnt er að halda næsta stjórnarfund miðvikudaginn 26. ágúst nk. kl. 13 – 15.

Fundargerðir. Fundargerð 12. stjórnarfundar fyrra starfsárs var borin upp og samþykkt.

Sumarstarfið

a) Starfið í Bugðusíðu.

Opið verður í Bugðusíðu 1 kl. 9:00-13.00 í sumar. Það þarf að auka starfshlutfall starfsmanna. Það hafa komið fram óskir um að spilamennsku í sumar en þessi opnunartími hentar ekki spilamönnum. Ekki verður spilað á vegum spilaneftnda en félagsmenn geta komið saman og spilað.

b) Gönguferðir/Golf. Gönguferðir göngunefndar EBAK í þriðjudögum eru hafnar. Stjórn Gönguklúbbs EBAK hefur verið skipuð þeim Magnúsi Friðrikssyni, Ásrúnu Alfreðsdóttir og Báru Ólafsdóttur.

Afgreiðsla ályktana frá aðalfundinum. Tvær ályktanir voru samþykktar á aðalfundinum. Annars vegar að óska eftir því við Öldungaráð Akureyrarbæjar að það beiti sér fyrir því að vinna við gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar, til fimm eða tíu ára, um málefni eldri borgara á félagssvæðinu hefjist sem fyrst. Þessi ályktun hefur verið send Öldungaráði.

Hin ályktunin var að mælst er til þess að viðtakandi stjórn EBAK skipi nefnd til að halda upp á afmæli EBAK sem verður fertugt þann 3. október 2022, m.a. með því að skrá sögu félagsins. Afgreiðslan býður seinni tíma

Raunverulegir eigendur EBAK. Samþykkt að framkvæmdaráð verði skráð fyrir félaginu og að Hallgrímur Gíslason verði prókúruhafi ásamt Torfhildi gjaldkera.

Skipun tveggja fulltrúa og eins varafulltrúa í notendaráð félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi (sjá 7. grein samþykka EBAK). Nokkrar umræður voru um notendaráð, skipan þess og hlutverk. Ákveðið að fresta skipun í ráðið til haustsins.

Önnur mál:

a. Fulltrúar EBAK á ársfund Landssambands eldri borgara 2020 vegna 2019 sem haldinn verður á Hótel Sögu 30. júní.

Aðalfulltrúar

Haukur Halldórsson

Dóra S. Jónasdóttir

Hallgrímur Gíslason

Garðar Lárusson

Birgir Björn Svavarsson

Torfhildur S. Þorgeirsdóttir

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Varafultrúar

Sigurður Hermannsson

Freysteinn Bjarnason

Hólmfríður Guðmundsdóttir

Helgi Aðalsteinsson

Friðrik Vagn Guðjónsson

Eva B. Magnúsdóttir

Nanna B. Þórsdóttir

b. Netmiðlanefnd: Garðar Lárusson og Sigurður Harðarson skipa netmiðlanefnd næsta starfsár.

Fundarslit.